

MARGRÉT GUÐMUNDSDÓTTIR

Lokhljóðaframburður á Norðurlandi

Ný greining á gömlum gögnum

1 Inngangur

Langflestir landsmenn bera nú fram önghljóð á undan *ð* í orðum eins og *hafði* og *sagði*.¹ Svo var einnig þegar Björn Guðfinnsson vann að framburðarrannsókn sinni upp úr 1940.² Lokhljóðaframburður³ var þó talsvert algengur, það er framburður eins og [hapði], [sakði]. Hér verður hann ýmist kallaður lokhljóðaframburður eða [pð]-/[kð]-framburður (og þá [pð]- og [kð]-framburður þegar hljóðasamböndunum er haldið aðgreindum). Önghljóðaframburður er þá [vð]- og [yð]-framburður. Stundum er þó vísað til stafsetningar og talað um önghljóða- eða lokhljóðaframburð á undan *ð* eða á *fi* og/eða *gd*.

Samkvæmt þeim niðurstöðum sem birtust í *Mállýzkum II*, öðru ritinu af tveimur þar sem niðurstöður Björns Guðfinnssonar birtust, bar einkum á lokhljóðaframburði í Strandasýslu til og með Norður-Þingeyjarsýslu en einnig var nokkuð um hann á Vesturlandi.⁴ Raunar skrifaði Björn:⁵

¹ Rannsóknin sem hér segir frá var styrkt af Styrktarsjóði Áslaugar Hafliðadóttur.

² Björn Guðfinnsson, *Mállýzkur I*, Reykjavík: Ísafoldarprentsmiðja, 1946; Björn Guðfinnsson, *Um íslenzkan framburð. Mállýzkur II*. Ólafur M. Ólafsson og Óskar Ó. Halldórsson unnu úr gögnum höfundar og bjuggu til prentunar, *Studia Islandica 23*, Reykjavík: Heim-spekideild Háskóla Íslands og Bókaútgáfa Menningarsjóðs, 1964; Margrét Guðmundsdóttir, *Mál á mamsævi. 70 ára þróun tilbrigða í framburði – einstaklingur og samfélag*, Doktorsritgerð, Reykjavík: Háskóli Íslands, 2022, <https://hdl.handle.net/20.500.11815/3419>, bls. 100–115.

³ Sjá nánari umfjöllun: Kristján Árnason, *Hljóð. Handbók um hljóðfræði og hljóðkerfisfræði*, meðhöfundur Jörgen Pind, *Íslensk tunga 1*, Reykjavík: Almenna bókafélagið, 2005, bls. 378–380.

⁴ Björn Guðfinnsson, *Um íslenzkan framburð. Mállýzkur II*, bls. 144–170.

⁵ Björn Guðfinnsson, *Mállýzkur I*, bls. 127.



Ritid

1. tbl. 26. árg. 2026 (147-162)

© 2026 Ritid, tímarit Hugvísindastofnunar og höfundur greinarinnar

Útgefandi:
Hugvísindastofnun Háskóla Íslands,
Sæmundargötu 2, 102 Reykjavík

Birtist á vefnum <http://www.ritid.hi.is>.
Tengiliður: ritid@hi.is

DOI: 10.33112/ritid.26.1.6
Birt samkvæmt skilmálum
Creative Commons BY (4.0).

Ég er svo oft búinn að rekast á hann [þ.e. lokhljóðaframburðinn] þar, sem ég bjóst sízt við, að vel mætti segja mér, að hans yrði vart í hverri sveit á landinu í einstökum orðum. Sérstaklega á þetta við um sum orð, er hafa tvíritað *g*, t. d. *byggð*, *stygð*, og má vera, að hér gæti áhrifa frá ritmálinu.

Eins og gildir um önnur framburðarafrbrigði sem rannsókn Björns náði til fela birtar niðurstöður í sér að þátttakendum er skipt í þrjá hópa. Hvað varðar umræddan framburð kemur því fram hve hátt hlutfall notaði hreinan önghljóðaframburð, hreinan lokhljóðaframburð og blandaðan framburð (það er bæði afbrigðin).⁶ Í doktorsritgerð minni gerði ég grein fyrir því að í mörgum tilvikum væri hægt að rýna betur í blandaða framburðinn á framburðarspjöldunum sem eru varðveitt hjá Landsbókasafni Íslands – Háskólabókasafni og greina tíðni hvors afbrigðis. Þetta er þó misjafnt eftir framburðartilbrigðum og svæðum⁷ en í þessari grein verður reynt að komast áleiðis með greiningu af þessu tagi fyrir önghljóða- og lokhljóðaframburð á undan *ð*.⁸ Eins og fram hefur komið var rannsóknin styrkt af Styrktarsjóði Áslaugar Hafliðadóttur. Í umsókninni sagði að ég hygðist reyna að reikna út meðaleinkunn á meginsvæði framburðarins, það er frá Strandasýslu til og með Norður-Þingeyjarsýslu, en eins og gerð verður grein fyrir hér á eftir reyndust upplýsingarnar misáreiðanlegar.

Auk þess að leitast við að reikna tíðni önghljóða- og lokhljóðaframburðar á þessu svæði verður tíðni hreinna afbrigða og blandaðs framburðar dregin fram. Þar sem þær upplýsingar er að finna í niðurstöðum Björns kann þetta að virðast óþarfi, en í *Mállýzkum II* eru allmargir málhafar taldir hafa hreinan önghljóðaframburð þó að lokhljóð hafi í raun komið fram í máli þeirra. Um þessa greiningu segir:⁹

Hjá mörgum hljóðhöfum á Vestur- og Norðurlandi kom fram lokhljóðsframburður ([g̊]) á einu orði í textanum, þótt þeir hljóðhafar hefðu að öðru leyti hreinan önghljóðaframburð. Hjá sumum var þetta í orðinu *byggð*, en hjá öðrum í *stygðust*, og virðist svo sem orð þessi

⁶ Sama rit, bls. 144–170.

⁷ Sjá nánar: Margrét Guðmundsdóttir, *Mál á mannsævi*, bls. 110–115.

⁸ Margrét Lára Höskuldsdóttir greindi einnig önghljóða- og lokhljóðaframburð á framburðarspjöldunum og bar saman tíðni hjá norðlensku fólki sem tók bæði þátt í rannsókn Björns og RAUN-rannsókninni frá 2. áratug 21. aldar, sjá: Margrét Lára Höskuldsdóttir, *Ertu nokkuð búin(n) að [tʰa:pha] þér? Framburður Norðlendinga á Norðausturlandi og í Reykjavík á árunum 1940–2011*, óútfegin BA-ritgerð, Háskóli Íslands, 2012, <http://hdl.handle.net/1946/10649>.

⁹ Björn Guðfinnsson, *Um íslenskan framburð. Mállýzkur II*, bls. 145.

hafi verið hvort í sínum texta. Hér á eftir verður þessum hljóðhöfum til hægðarauka skipað í flokk með þeim, sem höfðu framburðinn [qð, vð], því að líklegt er, að hér hafi gætt áhrifa frá ritmálinu.¹ Á eftir hverri framburðarskrá verður getið um fjölda þessara hljóðhafa.

Neðanmálgrein í tilvitnuninni vísar til lokaorðanna (um möguleg áhrif frá ritmáli) í fyrri tilvitnun í Björn Guðfinnsson hér að framan. Hljóðritunartáknin [ǰ] og [qð] standa fyrir annars vegar [k] og hins vegar [ɣð].

Í niðurlagi umfjöllunarinnar í *Mállýzkum II* kveður þó við aðeins annan tón. Þar segir að hafa skuli í huga „að í ákveðnum orðum [þ.e. *byggð* og *stygðust*] hefur ǰð-framburðurinn [þ.e. [kð]-framburður] mun meiri útbreiðslu en þessar tölur sýna“.¹⁰ Til að varpa skýrara ljósi á þessa sérstöðu má nefna að samkvæmt greiningu minni höfðu 123 af 1301 (9,45%) málhafa í Húnavatnssýslum til og með Þingeyjarsýslum lokhljóðaframburð í *byggð* en engu öðru orði.

Á þessu svæði voru notaðir fleiri en einn texti, sumir nú glataðir. Af athugasemdum á framburðarspjöldum virðist þó ljóst að orðið *byggð* hafi komið fyrir í þeim öllum. Sömuleiðis er óvíst hvaða texti var lesinn á Vestfjarðakjálkanum, þar með talið í Strandasýslu¹¹ en ljóst að þar kom fyrir orðið *stygðust*, en líklega ekki *byggð*. Á svæðinu frá Húnavatnssýslum til og með Þingeyjarsýslum er *stygðust* aðeins skráð á eitt spjald, frá Sauðárkróki. Þetta kemur á óvart því að flest orð sem skráð eru í athugasemdareit á spjöldum Skagafjarðarsýslu benda til þess að notaður hafi verið texti sem prentaður er í *Mállýzkum I* þar sem *stygðust* kemur ekki fyrir.¹² Ég hallast að því að þessi málhafi hafi verið látinn lesa texta frá Vestfjörðum, auk hefðbundins Skagafjarðartexta, til að leita eftir vestfirskum einkennum þar sem móðirin var úr Dýrafirði.

Til að gera langa sögu stutta er það niðurstaða mín að ekki séu rök fyrir öðru en að telja það dæmi um lokhljóðaframburð þegar þátttakendur lásu *byggð* og *stygðust* með lokhljóði.

Þar með fjölgar í hópnum sem telst nota blandaðan framburð og fækkar að sama skapi í hópi þeirra sem töldust nota hreinan önghljóðaframburð. Vegna þessarar ólíku greiningar á hreinum önghljóðaframburði og blönduðum framburði er ástæða til að draga fram hvernig málhafarnir skiptast í flokkana þrjá sem Björn Guðfinnsson gekk út frá í sinni greiningu.

Til fróðleiks verða dregnar fram tíðnitölur úr RÍN, Rannsókn á íslensku nú-

¹⁰ Sama rit, bls. 168.

¹¹ Sama rit, bls. 118; Margrét Guðmundsdóttir, *Mál á mannsevi*, bls. 103.

¹² Björn Guðfinnsson, *Mállýzkur I*, bls. 138–139. Sjá einnig umfjöllun um texta í rannsókn Björns: Margrét Guðmundsdóttir, *Mál á mannsevi*, bls. 114.

tímamáli sem gerð var á 9. áratug 20. aldar og náði til alls landsins og allra aldurshópa (sjá nánar í 3. kafla), og þær bornar saman við niðurstöður úr þessari athugun.¹³ Það þjónar líka þeim tilgangi að kanna hversu trúverðugir útreikningar eru hér á ferð þar sem ýmis álitamál komu upp við greininguna, eins og gerð verður grein fyrir í 2. kafla. Niðurstöður er að finna í 3. kafla en samanburður þeirra við skiptingu Björns í þrjá flokka og tíðni framburðarafrbrigðanna í RÍN í 4. kafla. Loks inniheldur 5. kafli nokkur lokaorð.

2 Aðferðir – kostir og annmarkar

Aðferðin sem er notuð til að reyna að greina tíðni lokhljóðaframburðar byggist á því að skoða annars vegar textann sem var notaður og hins vegar merkingu og athugasemdir á framburðarspjöldum sem varðveitt eru hjá Landsbókasafni Íslands – Háskólabókasafni. Í *Mállýzkum I* er birtur texti „sem notaður var mikið í Eyjafjarðarsýslu“.¹⁴ Samanburður á þeim texta og spjöldum málfaha frá öðrum svæðum norðanlands leiddi til þeirrar niðurstöðu í doktorsritgerð minni að á Akureyri, Siglufirði og í Skagafjarðarsýslu kæmu orð úr Eyjafjarðartextanum ítrekað fram í athugasemdum.¹⁵ Þar væru þó einnig orð sem ekki væru í textanum og því mögulegt að textinn hefði verið notaður en að minnsta kosti stundum annar að auki, en einnig að lesinn hefði verið mjög líkur texti. Þetta á sérstaklega við um tvo hreppa í Skagafjarðarsýslu, Staðarhrepp og Viðvíkurhrepp, þar sem orð sem skráð eru á spjöldin minna mjög á austurhluta Suður-Þingeyjarsýslu. Í þeirri sýslu birtist ekki einsleit mynd, enda kemur fram í *Mállýzkum II* að notaðir hafi verið fleiri en einn texti.¹⁶ Athugasemdir benda til þess að Eyjafjarðartextinn hafi verið lesinn í vesturhluta sýslunnar, en annar texti í austurhlutanum. Í Norður-Þingeyjarsýslu er ljóst að Eyjafjarðartextinn var ekki notaður, en ef til vill svipaður texti og í austurhluta Suður-Þingeyjarsýslu.

Í töflu 1 getur að líta þau orð í Eyjafjarðartextanum sem bjóða upp á lokhljóðaframburð (eins og þar sést kom orðið *hafði* fyrir tvisvar).

¹³ Um niðurstöður fyrir önglhjóða- og lokhljóðaframburð í RÍN má meðal annars lesa hér: Höskuldur Þráinsson og Kristján Árnason, „Um skagfirsku“, *Íslenskt mál og almenn málfræði* 8: 1986, bls. 31–60; Höskuldur Þráinsson og Kristján Árnason, „Phonological Variation in 20th Century Icelandic“, *Íslenskt mál og almenn málfræði* 14: 1992, bls. 89–128; Kristján Árnason, *Hljóð*, bls. 378–380.

¹⁴ Björn Guðfinnsson, *Mállýzkur I*, bls. 138–139.

¹⁵ Margrét Guðmundsdóttir, *Mál á mannsævi*, bls. 114.


¹⁶ Björn Guðfinnsson, *Um íslenzkan framburð. Mállýzkur II*, bls. 35.

Tafla 1 Orð í Eyjafjarðartexta sem bjóða upp á lokhljóðaframburð.

[vð] – [pð]	[γð] – [kð]
hafði	sögðust
hafði	brögðum
lifði	byggð
	sagði
	teygðu

Málhafi sem ber öll orðin fram með lokhljóðaframburði telst hafa 100% lokhljóðaframburð. Í niðurstöðum úr RÍN og í doktorsritgerð minni var hins vegar reiknuð út einkunn hjá hverjum málhafa og síðan meðaleinkunn fyrir einstök svæði. Samkvæmt henni endurspeglaði einkunnin 100 hreinan önghljóðaframburð en 200 hreinan lokhljóðaframburð en allir sem notuðu bæði afbrigðin fengu einkunn þar á milli. Í þessu felst að einkunnin 200 samsvarar 100% lokhljóðaframburði.¹⁷

Mynd 1 sýnir hluta af framburðarspjaldi úr Lýtingsstaðahreppi í Skagafjarðarsýslu en búið er að afmá þær upplýsingar sem ekki skipta máli fyrir þessa greiningu. Þarna stendur „bð“ fyrir lokhljóðaframburð í orðum eins og *hafði* og „gð“ fyrir lokhljóðaframburð í orðum eins og *sagði*. Önghljóðaframburður er táknður með „vð“ og „qð“. Ef aðeins væri strikað undir „bð“ og „gð“ væri um hreinan lokhljóðaframburð að ræða en ef aðeins væri strikað undir „vð“ og „qð“ hefði málhafinn hreinan önghljóðaframburð. Þessi málhafi hefur því blandaðan framburð (innri breytileika) þar sem strikað er undir öll táknið. Ég veit ekki hvað skáletruðu tákni standa fyrir. Nokkuð er um að strikað sé undir þau í Þingeyjar-sýslum en í umfjöllun um sýslurnar kemur ekkert fram sem skýrir það.¹⁸



Mynd 1 Hluti af framburðarspjaldi úr Lýtingsstaðahreppi í Skagafirði.

¹⁷ Margrét Guðmundsdóttir, *Mál á mannsævi*, bls. 95.

¹⁸ Björn Guðfinnsson, *Um íslenskan framburð. Mállyzkur II*, bls. 165–166.

Við „bð“ og „gð“ eru tilvísunartákn sem vísa í athugasemdareitinn. Samkvæmt þeim bar þessi málhafi orðin *brögðum*, *byggð* og *lifði* fram með lokhljóðaframburði. Ef tilvísunartáknin væru í neðri línunni (við „vð“ og „qð“) væru skráðu orðin dæmi um önghljóðaframburð.

Upplýsingar á framburðarspjöldum voru skráðar í Excel-skjal, það er nafn málhafa, undirstrikanir á spjaldinu og skráð dæmi. Í framhaldinu var notuð nokkurs konar „reiknivél“ fyrir lokhljóðaframburð til að finna tíðni hans hjá hverjum og einum. Útreikningar fyrir málhafann á mynd 1 eru sýndir í töflu 2. Talan 0 táknar að orðið hafi verið borið fram með önghljóðaframburði en 100 stendur fyrir lokhljóðaframburð (það er 100% lokhljóðaframburð í viðkomandi orði). Fyrir neðan orðin sést þá tíðni [pð]-framburðar, sem er í þessu tilviki 33,33% og tíðni [kð]-framburðar, sem er 40%. Neðst er tíðnin reiknuð fyrir bæði hljóðasamböndin og þá er útkoman 37,5%.

Tafla 2 „Reiknivél“ fyrir lokhljóðaframburð.

[fð] – [pð]		[γð] – [kð]	
hafði	0	sögðust	0
hafði	0	brögðum	100
lifði	100	byggð	100
		sagði	0
		teygðu	0
Tíðni [pð]-framburðar	33,33%	Tíðni [kð]-framburðar	40%
Tíðni lokhljóðaframburðar (8 dæmi): 37,5%			

Meðaltíðni á tilteknu svæði var fundin með því að leggja saman útkomu allra málhafanna og deila í með fjöldanum.

Skeru þurfti úr um nokkur álitæfni, sem ekki koma fram hjá þessum málhafa. Hér á eftir er farið yfir þau.

Fyrst er að nefna að eins og áður hefur komið fram liggur ekki fyrir hvaða texti var lesinn í Strandasýslu. Dæmaskráning á spjöldum er að auki ansi gloppótt. Niðurstöðurnar voru því ekki skráðar nákvæmlega í fyrrnefnt Excel-skjal en í niðurstöðukafla er tíðni lokhljóðaframburðar í Strandasýslu áætluð með því að rýna í upplýsingar í *Mállýzkum II*.

Ekki er heldur ljóst hvaða texti var notaður í Húnavatnssýslu. Öll orðin í töflu 1 koma fyrir á spjöldum þaðan nema *teygðu*. Fyrrnefndur Eyjafjarðartexti skiptist í tvo hluta í *Mállýzkum II* og er seinni hlutanum, sem er mun styttri, greinilega ætlað að prófa raddaðan framburð. Ekkert orð úr þessum texta er

skráð í athugasemdareiti framburðarspjaldanna í Húnavatnssýslum sem kann að stafa af því að blanda af rödduðum og órödduðum framburði var afar sjaldgæf í Húnavatnssýslum og því ekki von á mörgum dæmum. Hins vegar er heldur ekki ósennilegt að þessum hluta textans hafi verið sleppt þar. Af þessum sökum var gengið út frá því við útreikning á tíðni önghljóða- og lokhljóðaframburðar í Húnavatnssýslum að orð með *gð* væru fjögur (en ekki fimm) og heildarfjöldi orða því sjö (en ekki átta).

Víðast hvar í Skagafjarðarsýslu, alls staðar í Eyjafjarðarsýslu, á Akureyri og Siglufirði er mjög líklegt að Eyjafjarðartextinn hafi verið notaður og því er tíðni reiknuð á sama hátt og í töflu 2. Í Staðarhreppi og Viðvíkurhreppi er þó, á grundvelli dæma sem skráð eru á spjöldin, gengið út frá fjórum orðum með *fd* (*hafði, hefð, höfðu, lifði*). Orð með *gd* eru jafnmörg og í Eyjafjarðartextanum, það er fimm, en ekki öll þau sömu (*byggð, brögðum, hugðust, sögðust, teygðu*). Heildarfjöldi dæmaorða er því níu í þessum hreppum.

Í Suður-Þingeyjarsýslu er gengið út frá Eyjafjarðartextanum (og þá dæmum í töflu 1) í Bárðardal, Flateyjar-, Grýtubakka-, Háls- og Svalbarðsstrandarhreppi. Annar texti hefur verið notaður í austurhluta sýslunnar, það er í Aðaldæla-, Ljósavatns-, Reykdæla- og Skútustaðahreppi og á Húsavík, sem og að líkindum í Tjörneshreppi. Samkvæmt dæmum sem skráð eru í athugasemdareiti eru orð með *gd* jafnmörg og í Eyjafjarðartextanum, það er *byggð, brögðum, hugðust, sagði* og *teygði*. Í tveimur tilvikum sést að orðið *byggð* hefur verið lesið/sagt tvisvar og um það eru einnig tvö dæmi í Staðarhreppi í Skagafirði og eitt á Raufarhöfn í Norður-Þingeyjarsýslu. Í flestum tilvikum sést þetta á því að dæmið er skráð „byggð^{2c}“ en einu sinni „byggð + biqð“ (það er orðið hefur verið borið fram með bæði lokhljóði og önghljóði). Þrátt fyrir það álykta ég að orðið hafi aðeins komið fyrir einu sinni í textanum og að þessir málhafar hafi endurtekið það/lesið það aftur. Rökin eru þau að *byggð* er skráð alloft í athugasemdareit og ég held að það væri tekið fram/sýnt oftast að um bæði dæmin væri að ræða ef þau hefðu verið tvö í textanum. Því er gengið út frá fimm dæmaorðum með *gd* í „reiknivélinni“ fyrir þetta svæði. Hér er þó á ferðinni gott dæmi um þau álitamál sem koma upp við þessa endurtúlkun á gögnum Björns Guðfinnssonar.

Á þessu svæði, það er í austurhluta Suður-Þingeyjarsýslu, eru dæmaorðin með *fd* sem skráð eru í athugasemdareiti eftirtalin: *hefð, hefði, höfðu* og *lifði*. Á svæðinu er hreinn [pð]-framburður talsvert algengur (35,58%), en einnig að framburðurinn sé [pð] í öllum orðum nema *hefð*. Í heild er hjá þessum 163 málhöfum skráð eitt dæmi um hvert hinna orðanna. Af þeim hef ég þó mestar efasemdir um *hefði*. Hin orðin koma greinilega fyrir í öðrum textum og því vel líklegt að þau hafi verið próforð fyrir framburðinn á þessu svæði. Dæmið um *hefði* er frá Húsavík og

er það eina sem kemur fram í öllu dæmasafninu frá Vestur-Húnavatnssýslu til og með Norður-Þingeyjarsýslu (1301 málhafi). Getur verið að þetta hafi verið mistlestur eða kannski komið fram í samtali (slík dæmi voru stundum skráð, enda ekki markmiðið að kanna hlutfallslega skiptingu milli framburðarafbrigða)? Ég veit ekki svarið en ákvað að ganga út frá þessum fjórum dæmaorðum.

Norður-Þingeyjarsýsla er erfið viðfangs. Í athugasemdareiti eru skráð fimm orð með *gð*, það er *byggð*, *gnægð*, *hugðust*, *segðu* og *teygði*. Samanburður við önnur svæði sýnir að hér er um annan texta að ræða en fjöldi dæmaorða er sá sami. Gengið er út frá þessum orðum í „reiknivélinni“. Aðeins tveir höfðu bæði önglhjóða- og lokhljóðaframburð á *ð* og þar sem skráning í athugasemdareiti er fyrst og fremst við blandaðan framburð er fátt um dæmi. Hjá öðrum málhafanum hefur meira að segja láðst að skrá dæmi, hjá hinum stendur „þó hefð“ og staðsetning á tilvísunartákni sýnir að orðið var borið fram með lokhljóðaframburði. Af þessari dæmafæð leiðir að óljóst er hversu mörg dæmaorð voru um *ð*. Líklegast er að þau hafi verið þrjú eða fjögur eins og í öðrum textum, en hvort var það? Ég ákvað að hafa þau fjögur eins og í Suður-Þingeyjarsýslu. Þetta leiðir ekki til mikillar óvissu um heildartíðni [pð]-framburðar því að flestir höfðu hreinan önglhjóðaframburð og því breytir fjöldi dæma meðaltali lítið. Óvissa um tíðni [kð]-framburðar er heldur ekki mikil því að ýmis rök eru fyrir þeirri niðurstöðu að dæmaorðin hafi verið fimm. Hins vegar er nokkur óvissa um tíðni lokhljóðaframburðar í heild í Norður-Þingeyjarsýslu því að um leið og giskað er á fjölda orða með *ð* er giskað á hversu mörg dæmin voru í heild. Þá verða skekkjumörkin víðari.

Þrátt fyrir þessi álitamál er það trú mín að það sé gerlegt að meta tíðni lokhljóðaframburðar með þeirri aðferð sem hér er beitt og að niðurstöðurnar sem birtast í næsta kafla séu nærri lagi.

3 Niðurstöður um tíðni önglhjóða- og lokhljóðaframburðar

Útkomu úr „reiknivélinni“ er að finna í töflu 3. Efst á blaði er Strandasýsla en eins og áður sagði var annarri aðferð beitt til að áætla tíðni lokhljóðaframburðar þar. Því eru tölurnar skáletraðar. Í *Mállýzkum II* kemur fram að enginn í sýslunni notaði hreinan lokhljóðaframburð, einnig að 21 af 27 blendingshljóðhöfum hafði hreinan [vð]-framburð. Af þessum upplýsingum má ráða að aðeins sex af 91 notuðu að einhverju marki [pð]-framburð. Ef þessir sex málhafar notuðu önglhjóð og lokhljóð til jafns, sem við vitum ekki, hefur meðaltíðni [pð]-framburðar verið um 1% í sýslunni í heild. Þar sem málhafarnir eru aðeins sex breytir litlu fyrir heildina hvort hlutfallið hjá þeim var nákvæmlega 50%, hærra eða lægra.¹⁹

Í *Mállýzkum II* kemur líka fram að 17 af 91 höfðu aðeins lokhljóðafram-

¹⁹ Sama rit, bls. 159.

burð í orðinu *stygðust* og að hjá 27 til viðbótar var [yð]-framburður í flestum tilvikum algengari en [kð]-framburður. Út frá þessu má áætla að tíðni [kð]-framburðar hafi á heildina litið verið um 1,1%, aðeins sjónarmun hærrí en [pð]. Meðaltíðni lokhljóðaframburðar fyrir bæði hljóðasamböndin hefur því verið rétt rúmlega 1% samkvæmt þessu. Talan er svo lág að það munar ekki öllu þó að skekkjumörkin séu mikil. Hjá þessari kynslóð í Strandasýslu hefur borið litið á lokhljóðaframburði. Hins vegar kemur fram í *Mállýzkum II* að lokhljóðaframburður var miklu algengari hjá eldri íbúum sýslunnar. Hann var kannaður hjá 79 fullorðnum málhöfum og 52 þeirra höfðu hreinan lokhljóðaframburð.²⁰ Hann hefur því hrúnið milli kynslóða í Strandasýslu.

Í töflunni er hver sýsla sýnd fyrir sig, fyrst fjöldi málhafa, síðan hvort hljóðasamband fyrir sig og loks lokhljóðaframburður í heild. Þó að ýmsar upplýsingar um hvort hljóðasamband komi fram í texta og heildaryfirliti yfir framburðinn í *Mállýzkum II* er þeim ekki haldið aðgreindum í niðurstöðum fyrir hverja sýslu. Því er hér dreginn fram munur á þeim á annan hátt en áður hefur verið gert og ljóst að [pð]-framburður var talsvert sjaldgæfari en [kð]-framburður, eins og raunar er líka nefnt í *Mállýzkum II*.²¹

Tafla 3 Tíðni [pð]-framburðar, [kð]-framburðar og [pð]/[kð]-framburðar eftir svæðum.

Svæði	Fjöldi	[pð]-framb. - %	[kð]-framb. - %	[pð]/[kð]-framb. - %
Strandasýsla	91	Um 1	Um 1,1	Um 1,1
Vestur-Húnavatnssýsla	60	8,33	16,67	13,10
Austur-Húnavatnssýsla	101*	15,51	27,48	22,35
Skagafjarðarsýsla	200**	18,75	35,27	28,91
Siglufljóðar	114	0,58	3,33	2,30
Eyjafjarðarsýsla (án Glerárþorps)	259	33,66	49,85	43,77
Glerárþorp	46	4,35	8,26	6,79
Akureyri	174***	5,08	15,69	11,71
Suður-Þingeyjarsýsla	240	45,38	65,56	56,94
Norður-Þingeyjarsýsla	107	6,31	19,38	13,63
Svæðið í heild (án Strandasýslu)	1301	20,95	34,62	29,13

* 100 skv. *Mállýzkum II*, en 101 spjald er í gögnum Björns Guðfinnssonar.

** 201 skv. *Mállýzkum II*, en einum málhafa var sleppt þar sem ekki var hægt að reikna meðalcíkkunn því að hann hafði bæði lokhljóðaframburð ([pð], [kð]) og önghljóð + lokhljóð ([vt], [yt]).

*** 175 skv. *Mállýzkum II* en einn málhafi hefur ekki fundist.

²⁰ Sama rit, bls. 159–160.

²¹ Sama rit, bls. 170.

Í Vestur-Húnavatnssýslu er um nokkurn mun að ræða milli hreppa en þar sem málhafar eru sums staðar fáir er ekki hægt að álykta að það skipti máli hvort þeir liggja vestarlega eða austarlega í sýslunni. Í austursýslunni er munur milli hreppa líka of tilviljanakenndur og þeir sumir of fámennir til að draga einhverjar ályktanir um ójafna dreifingu. Þó var lokhljóðaframburður talsvert fátíðari á Blönduósi heldur en að meðaltali annars staðar í sýslunni.

Í Skagafjarðarsýslu er tíðni lokhljóðaframburðar mjög mismikil. Sjaldgæfastur var hann austan við Skagafjörð en algengastur í nokkrum hreppum vestan Héraðsvatna, í Akrahreppi og á Hegranesi. Það voru því ekki skil um Héraðsvötn eins og greina mátti hjá harðmæli og rödduðum framburði á þessum tíma.²²

Í töflunni eru bæirnir Siglufjörður og Akureyri hafðir sér eins og í *Mállýzkum II*. Í Eyjafjarðarsýslu er Glerárþorp einnig skilið frá öðrum hreppum.²³ Það varð seinna hluti af Akureyri og ljóst að framburður þar átti á þessum tíma meira skylt við bæinn en sveitirnar. Taflan sýnir að Siglufjörður sker sig úr með mun lægri tíðni lokhljóðaframburðar en í Skagafjarðarsýslu og Eyjafjarðarsýslu og sömuleiðis er lokhljóðaframburður sjaldgæfari í Glerárþorpi og á Akureyri heldur en annars staðar í Eyjafjarðarsýslu. Þetta kemur ekki á óvart í ljósi þess að raunin var sú sama hvað varðar raddaðan framburð og að nokkru marki linmæli.²⁴ Í doktorsritgerð minni skoðaði ég þróun svæðisbundinna framburðarabrigða meðal annars í ljósi fólksflutninga og stækkandi bæja og þar segir um sérstöðu þessara tveggja bæja: „Og einmitt þar sem bæði harðmæli og enn frekar raddaður framburður voru veikastir fyrir í rannsókni Björns, á Siglufirði og Akureyri, hafði fólkinu fjölgað hvað mest og aðkomufólk streymt að, ýmist til skamms tíma eða lengri.“²⁵

Þrátt fyrir þetta var lokhljóðaframburður sýnu algengari á Siglufirði en þeim hreppum við austanverðan Skagafjörð sem næst liggja og þegar kemur í Eyjafjarðarsýslu er það sama uppi á teningnum í Ólafsfirði. Þar var önglhjóðaframburður nánast einráður. Samanburður á tíðni lokhljóðaframburðar og raddaðs framburðar sýnir að þessi afbrigði eiga ekki landfræðilega samleið á þessu svæði.²⁶

²² Margrét Guðmundsdóttir, *Mál á mannsevi*, bls. 143, 162.

²³ Slíkt hið sama var gert í doktorsritgerð minni, Margrét Guðmundsdóttir, *Mál á mannsevi*, bls. 232, 234.

²⁴ Sama rit, bls. 143.

²⁵ Sama rit, bls. 205.

²⁶ Björn Guðfinnsson, *Um íslenskan framburð. Mállýzkur II*, bls. 30–32, 162–163.

Um einstök sveitarfélög má einnig geta þess að lokhljóðaframburður var fá-tíður í Hrísey (10,78%) en í allmörgum sveitum var tíðni hans um og yfir 80%.

Í Suður-Þingeyjarsýslu draga Grýtubakkahreppur, en þar er þéttbýlið Grenivík, og Húsavík meðaltalið heldur niður en algengastur var lokhljóðaframburður í Flateyjarhreppi (89,17%) og Aðaldal (84,13%). Í norðursýslunni var hann algengastur í hreppunum fyrir botni Axarfjarðar, annars staðar innan við 10%.

Á heildina litið sýna tölurnar í töflu 3 að lokhljóðaframburður á *gð* var talsvert algengari en á *fð*. Frá Austur-Húnavatnssýslu til og með Suður-Þingeyjarsýslu var tíðni lokhljóðaframburðar á *gð* alls staðar yfir 25% ef litið er fram hjá stærstu bæjum og á heildina litið næstum 35%. Ef við hugsum okkur að haldið hafi verið mót ungmenna frá öllu svæðinu á tímum seinni heimstyrjaldarinnar má segja sem svo að af þeim *gð*-orðum sem þar féllu hafi þriðjungur verið borinn fram með lokhljóðaframburði en fimmtungur *fð*-orða.

4 Annar samanburður

Eins og fram hefur komið var litið fram hjá lokhljóðaframburði í niðurstöðum Björns Guðfinnssonar ef hann var aðeins í orðunum *byggð* eða *stygðust*. Slíkir málhafar voru taldir hafa hreinan önghljóðaframburð en gerð grein fyrir fjölda þeirra í athugasemdum. Í töflu 4 er sýnd skipting Björns Guðfinnssonar í hreinan önghljóðaframburð, hreinan lokhljóðaframburð og blandaðan framburð og til samanburðar mín greining. Þess ber að geta að munurinn stafar ekki eingöngu af þessum orðum heldur bar minni greiningu á framburðarspjöldum ekki alltaf fyllilega saman við greiningu í *Mállýzkum II*. Þessi munur sést vel þegar bornir eru saman dálkar fyrir hreinan lokhljóðaframburð. Sá munur sem þar kemur fram stafar af því að spjöldin eru ekki greind á sama hátt. Engin skýring er á því, en líklega aðeins um mannleg mistök að ræða þannig að t.d. spjald þar sem aðeins er strikað undir „bð“ og „gð“ sé fellt undir blandaðan framburð. Á heildina litið er munurinn í þessum flokki hverfandi.

Tafla 4 Orð í Eyjafjarðartexta sem bjóða upp á lokhljóðaframburð.

	<i>Mállýzkur II</i> - %			Greining MG - %		
	Hr. önghlj.	Hr. lokhlj.	Blandaður framburður	Hr. önghlj.	Hr. lokhlj.	Blandaður framburður
Vestur-Húnavatnssýsla	86,67	3,33	10	56,67	6,67	36,67
Austur-Húnavatnssýsla	61	9	30	48,51	7,92	43,56
Skagafjarðarsýsla	57,71	13,93	28,36	49	14	37
Siglufjörður	92,98	0	7,02	85,96	0	14,04
Eyjafjarðarsýsla (án Glerárþorps)	41,31	25,87	32,82	33,20	25,10	41,70
Glerárþorp	91,3	2,17	6,52	86,96	4,35	8,70
Akureyri	73,71	1,71	24,57	60,34	1,72	37,93
Suður-Þingeyjarsýsla	27,5	34,17	38,33	21,67	34,17	44,17
Norður-Þingeyjarsýsla	71,03	1,87	27,10	64,49	2,8	32,71
Svæðið í heild	57,99	14,9	27,11	48,50	14,99	36,51

Þegar dálkar sem sýna hreinan önghljóðaframburð og blandaðan framburð eru bornir saman, annars vegar tölur úr *Mállýzkum II* og hins vegar mínar niðurstöður, sést að munurinn er talsverður og hann stafar einkum, en ekki eingöngu, af ólíkri túlkun á lokhljóðaframburði í orðinu *byggð*. Ef þetta orð hefði ekki verið meðhöndlað á sérstakan hátt hefðu niðurstöður í *Mállýzkum II* sýnt talsvert sterkari stöðu lokhljóðaframburðarins.

Í töflu 5 eru niðurstöður um lokhljóðaframburð í heild bornar saman við þrjá aldurshópa í RÍN, Rannsókn á íslensku nútímamáli, sem var eins og áður sagði gerð á 9. áratug 20. aldar.²⁷ Rannsóknin náði til allra aldurshópa en vegna fyrirhugaðs samanburðar við rannsókn Björns Guðfinnssonar var lögð sérstök áhersla á tvo hópa. Annars vegar voru víðast hvar margir ungir þátttakendur (12–20 ára, en flestir í þeim hópi 14–16 ára) þar sem þátttakendur í rannsókn Björns á sínum tíma voru ungir. Hins vegar var lögð áhersla á að ná til fólks um fimmtugt (46–55 ára), það er sömu kynslóðar og í sumum tilvikum sama fólksins og tók þátt í rannsókn Björns, en í Strandasýslu og Húnavatnssýslum voru þátttakendur á þessum aldri þó ekki nema 8–10 í hverri sýslu. Tíðni lokhljóðaframburðar hjá þessum aldurshópum er dregin fram í töflunni, en einnig eru upplýsingar um aldurshópinn 21–45 ára því að þær virðast segja talsverða sögu.

²⁷ *RÍN – Niðurstöður*. Óútgefin skýrsla með niðurstöðum úr RÍN (Rannsókn á íslensku nútímamáli) fyrir hverja breytu á landinu öllu og í einstökum sýslum, [Án árs.]; Kristján Árnason, *Hljóð*, bls. 380.

Tafla 5 Tíðni lokhljóðaframburðar skv. greiningu MG á gögnum Björns Guðfinnssonar, hjá sömu kynslóð í RÍN upp úr 1980, 21–45 ára í RÍN og ungmennum í RÍN.

	Rannsókn BG skv. MG	RÍN, 46–55 ára (sama kynslóð)	RÍN, 21–45 ára	RÍN, 12–20 ára
Strandasýsla	Um 1,1	3,44	0	0
Vestur-Húnavatnssýsla	13,10	2,13	1,14	0
Austur-Húnavatnssýsla	22,35	34,40	4,95	0
Skagafjarðarsýsla	28,91	20,46	4,73	1,04
Eyjafjarðarsýsla, Akureyri og Siglufjörður	23,52	12,76	0,84	0,76
Suður-Þingeyjarsýsla	56,94	22,27	9,77	1,22
Norður-Þingeyjarsýsla	13,63	8,89	0,36	0,23

Það þjónar tvenns konar tilgangi að bera mínar niðurstöður saman við sömu kynslóð í RÍN (það er fólkið sem var 46–55 ára í RÍN). Í fyrsta lagi væri grunsamlegt í meira lagi ef mínar tíðnitölur væru almennt lægri en niðurstöður úr RÍN. Samanburður á aldurshópum í RÍN sýnir svo ekki verður um villst að lokhljóðaframburðurinn er að hverfa og því væri sérkennilegt ef tíðni hans hefði aukist hjá kynslóðinni sem tók þátt í báðum þessum rannsóknum. Tíðni í Strandasýslu og Austur-Húnavatnssýslu virðist þó benda til þess. Ef til vill endurspeglar það ónákvæmni við mat mitt á tíðni framburðarins í Strandasýslu, sem var snúð verkefni eins og fram hefur komið. Í Austur-Húnavatnssýslu er munurinn hins vegar meiri höfuðverkur. Þar var hlutfall lokhljóðaframburðar 22,35% í rannsókn Björns en hefur risið í 34,4% hjá sömu kynslóð í RÍN. Í sýslunni voru þátttakendur af þessari kynslóð aðeins 10 og ég tel líklegast að lokhljóðaframburður hafi fyrir tilviljun mælst svona hár. Rök fyrir því eru ekki aðeins munur á þessum rannsóknum heldur einnig að í RÍN er tíðnin orðin hæst í Austur-Húnavatnssýslu, meira að segja hærri en í Suður-Þingeyjarsýslu þar sem lokhljóðaframburðurinn var sterkastur í rannsókn Björns. Þar að auki mældist tíðnin í RÍN hjá þessum aldurshópi í Austur-Húnavatnssýslu hærri en hjá 56–70 ára (21%), en víðast hvar annars staðar var það á hinn veginn (það er lokhljóðaframburður algengari hjá 56–70 ára en hjá 46–55 ára). Í Norður-Þingeyjarsýslu var tíðnin þó svipuð hjá þessum aldurshópum.

Samanburður á niðurstöðum úr rannsókn Björns og hjá sömu kynslóð í RÍN gefur einnig tækifæri til að velta fyrir sér hversu mikið fólk hefur breytt þessum framburði yfir æviskeiðið.²⁸ Ef lítið er fram hjá Strandasýslu og Austur-Húna-

²⁸ Sjá einnig: Margrét Lára Höskuldsdóttir, *Ertu nokkuð búin(n) að [tha:pha] þér?*, bls. 41–43.

vatnssýslu er að sjá sem önghljóðaframburður hafi sótt á í máli þessarar kynslóðar með tímanum. Minnst er breytingin í Skagafirði, en þó talsverð, en mest í Suður-Þingeyjarsýslu. Þar hefur Björnskynslóðin bætt verulega í önghljóðaframburð.

Yngri kynslóðirnar í RÍN sýna þó svo ekki verður um villst að mesta breytingin verður þegar ungt fólk tileinkar sér málið. Þar hafa örlög lokhljóðaframburðarins ráðist og skilin verða milli Björnskynslóðarinnar og næstu kynslóðar þar á eftir (21–45 ára). Elsta fólkið í þeim hópi fæddist skömmu fyrir seinni heimsstyrjöldina. Kannski varð lokhljóðaframburðurinn fórnarlamb hennar.

5 Lokaorð

Markmið mitt með þessari grein var fyrst og fremst að nýta aðferðir úr doktorsrannsókn minni til að reyna að varpa ljósi á tíðni önghljóða- og lokhljóðaframburðar hjá ungmennum sem tóku þátt í rannsókn Björns Guðfinnssonar. Með því vil ég gera öðrum rannsakendum kleift að bera niðurstöðurnar saman við stöðu þessara framburðarafbrigða í öðrum rannsóknum og bera þróunina saman við þróun annarra framburðarafbrigða.

Þegar tíðni lokhljóðaframburðar er reiknuð eins og hér er gert segir það aðra sögu og nákvæmari en sú aðferð Björns Guðfinnssonar að skipta málhöfum í þrjá hópa. Niðurstöðurnar hér að framan sýna til dæmis að í Suður-Þingeyjarsýslu var meðaltíðnin 56,94%, en áður vissum við hversu margir höfðu hreinan önghljóðaframburð, hreinan lokhljóðaframburð eða blandaðan framburð. Tölurnar sýna einnig að tíðnin var umtalsvert hærri fyrir lokhljóð á *gð* heldur en *fð*. Slíkan mun mátti áður lesa út úr umfjöllun í *Mállýzkum II* en ekki hversu mikill hann væri.

Til fróðleiks og skemmtunar voru einnig dregnar fram tölur úr RÍN sem sýna svo ekki verður um villst að örlög lokhljóðaframburðar réðust við flutning málsins milli kynslóða.

ÚTDRÁTTUR

Í þessari grein er unnið úr gögnum Björns Guðfinnssonar með öðrum aðferðum en hann notaði sjálfur í framburðarrannsókn sinni á 5. áratug 20. aldar. Athyglin beinist að önghljóða- og lokhljóðaframburði á undan *ð*, það er í orðum eins og *hafði* og *sagði*. Lokhljóðaframburðurinn var algengastur á Norðurlandi og voru skoðuð gögn Björns frá Strandasýslu til og með Norður-Þingeyjarsýslu. Þær niðurstöður sem hér eru kynntar felast í tölum um heildartíðni framburðarins í einstökum sýslum og stærstu bæjum en

upplýsingar sem áður lágu fyrir fölu í sér skiptingu þátttakenda í þrjá hópa, þá sem notuðu hreinan önghljóðaframburð, hreinan lokhljóðaframburð og þá sem höfðu blandaðan framburð, það er bæði afbrigðin. Með tíðnitölum er leitast við að gera öðrum rannsakendum kleift að bera niðurstöður Björns saman við aðrar og nýrri framburðarannsóknir.

Lykilorð: Rannsókn Björns Guðfinnssonar, framburður, tíðni, önghljóðaframburður, lokhljóðaframburður

ABSTRACT

The linguist Björn Guðfinnsson conducted a research on phonological variation in Icelandic in the 1940s. This article uses data from his research, using different analytical methods than he did. The focus is on fricatives vs. plosives before *ð* in words such as *hafði* ('had') and *sagði* ('said'). The general pronunciation of *fð* and *gð* was [vð] and [ɣð], respectively, while the less common variant, with plosives ([kð]/[pð] pronunciation), was mostly restricted to North Iceland. Examined in this paper were Guðfinnsson's data from the north-western county of Strandasýsla through the northern counties to (and including) Norður-Þingeyjarsýsla in the northeast. The results presented here consist of figures on the overall frequency of the regional [kð]/[pð] pronunciation in individual counties and largest towns, while previously available information involved dividing participants into three groups, those who used "pure" [vð]/[ɣð] pronunciation, "pure" [kð]/[pð] pronunciation and those who had a "mixed pronunciation", i.e. intra-speaker variation. The frequency figures are intended to enable other researchers to compare Guðfinnsson's results with other and more recent pronunciation research.

Keywords: Björn Guðfinnsson's research, pronunciation, frequency, fricative vs. stop before /ð/ in /fð,gð/ contexts

MARGRÉT GUÐMUNDSDÓTTIR

Málfræðingur

Hugvísindasvið Háskóla Íslands

mgu@hi.is

